

*Grunnskóli Reyðarfjarðar*



# Innra mat skólans

## 2023-2024



## Inngangur

Grunnskóli Reyðarfjarðar er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Auk þess er boðið upp á lengda viðveru fyrir nemendum 1. – 4. bekkjar í Skólaseli, að skóla loknum. Ásta Ásgeirsdóttir er skólastjóri, Guðlaug Árnadóttir aðstoðarskólastjóri og Hildur Magnúsdóttir deildarstjóri sérkennslu í 75% starfi. Við skólann störfuðu 30 starfsmenn við kennslu, 7 stuðningsfulltrúar, tveir þroskaþjálfari, einn sjúkraliði, einn starfsmaður í Skólaseli og tveir skólaliðar auk húsvarðar og ritara í 66% starfi. Forstöðumaður bókasafnsins starfar einnig við skólann í 50 % starfi. Einn starfsmaður sinnti starfi námsráðgjafi í 60 % starfshlutfalli. Nemendur síðasta vetur voru 204.

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni og samofinn sögu hennar. Núverandi skólahúsnæðið er að hluta til í nýlegu húsnæði sem tekið var í notkun haustið 2006. Í skólanum er góður hátíðarsalur, bókasafn sem einnig gegnir hlutverki bæjarbókasafns og tónlistarskóli Reyðarfjarðar. Ofan við skólann er skólalóðin og nýtt íþróttahús var tekið í notkun á ársbyrjun 2023. Gamla íþróttahúsið sem stendur við hlið þess nýja bíður nýs hlutverks sem á þessari stundu er óvíst hvert verður. Íþróttahöll Fjarðabyggðar stendur svo steinsnar frá. Lögð er áhersla á Leiðsagnarnámí Grunnskóla Reyðarfjarðar og samþættingu námsgreina.

**Einkunnarorð skólans eru:**

*Hugrökku  er ekkert ómögulegt*



## Innra mat 2023-2024

Matstæki	Matspættir	Hvenær metið	Gagnaöflun	Matsaðilar	Niðurstöður skólaársins 2023-2024	Úrbætur skólaárið 2024-2025
<b>Nám og kennsla</b>						
Inntak náms, árangur og framfarir	Að nemendur sýni framfarir í námi út frá eigin forsendum, hæfni og getu og séu meðvitaðir um þau hæfniviðmið sem að er stefnt.	Allt skólaárið.	Orðarún 2x á ári Orðalykill 2x á ári Lesfimi 3x á ári Logos eftir þörfum Talnalykill í 3. og 6. bekk. Leiðsagnarnám. Hæfnikort nemenda. Teymisfundir. Lausnateymi.	Umsjónarkennarar, Kennarar, sérkennarar, kennsluráðgjafi skólaþjónustu.	Áfram var unnið að innleiðingu leiðsagnarnáms. Áherslur ársins voru hæfniviðmið hverrar kennslustundar og að gera nemendum ljósa grein fyrir til hvers ætlast væri af þeim.  Í vor fóru starfsmenn í heimsókn í skóla í London sem vinna í anda Leiðsagnarnáms.  Miklar áhyggjur voru af almennu áhugaleysi nemenda á unglingsstigi. Breyting til batnaðar varð í kjölfar fundar í 9. bekk og Skólaþings.  Í Skólapúlsinum í vor segjast 75% nemenda ekki hlakka til stærðfræðitímanna og	Unnið áfram að innleiðingu Leiðsagnarnáms. Byrja veturinn á því að kryfja þann lærdóm sem draga má af heimsókninni til London.  Leggja áfram áherslu á að hæfniviðmið séu sýnileg hemendum og unnið markvisst með Hvers vegna – Hvernig – Hvað.  Þróa vinnu við samantekt á lokanámsmati hverrar annar og endurmati á áherslum fyrir komandi önn. Vinna náið með sérkennurum vegna nemenda sem eiga á hættu að ná ekki lágmarks hæfni.  Auka þarf áhuga nemenda á stærðfræði

					<p>62% segjast ekki hafa áhuga á stærðfræði.</p> <p>Tekinn var upp skráning á heimalestri í Mentor.</p>	<p>með áherslu rökræður og rannsóknir t.d. í anda hugsandi kennslustofu.</p> <p>Halda áfram að skrá heimalestur í Mentor og hvetja foreldra þar til samstarfs.</p>
Skipulag náms og náms-umhverfi	Að nemendum sé tryggt gott námsumhverfi og skipulag náms styðji við framfarir nemenda í námi.	Allt skólaárið.	Kannanir Skólapúlsins. Teymisfundir. Niðurstöður Skólapinga. Fundir lausnateymis.	Stjórnendur Árgangastjórar Kennarar Nemendur Foreldrar	<p>Teymisfundir vetrarins voru skilvirkir. Árgangastjórar hittust í byrjun hvernar viku og fóru yfir áherslur fundanna. Þeir gerðu sameiginlegt fundaskipulag og rituðu fundargerð á sameiginleg skjöl.</p> <p>Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að foreldrar eru almennt ánægðir með aðbúnað nemenda í skólanum.</p>	<p>Viðhalda því skipulagi sem komið var á vegna teymisfunda með áherslu á að fundirnir séu nýttir til að ræða nám við hæfi hvers og eins.</p> <p>Festa niður að hausti hver er í hvaða teymi. Tryggja sérkennara í hverju teymi.</p> <p>Rýna í heimsóknina til London m.á.á. aga. Allir vinni starfendarannsókn þar sem viðbrögð við aga eru kortlögð.</p> <p>Endurskoða kjörorð skólans. Þau þurfa að lýsa vel þeim áherslum sem skólinn vill vinna eftir.</p> <p>Nýta verkfæri Leiðsagnarnáms til að</p>

						skipuleggja hverja kennlustund þannig að hún hvetji nemendur til virkni.
Kennsluhættir og gæði kennslu	Að fjölbreyttir kennsluhættir séu sýnilegir og skili sér í aukinni virkni nemenda.	Allt skólaárið	Kannanir Skólapúlsins Skólaping. Vettvangsheimsóknir. Teymisfundir	Stjórnendur, Kennarar, nemendur	Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins telur mikill meirihluti foreldra að skólinn standi sig vel í að mennta nemendur og eru ánægðir með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru. Þeir telja einnig að kennararnir virðist hæfir og metnaðarfullir. Langflestum þykir námsefnið hæfilegt sem og heimanámið.	Rýna í heimsóknina til London m.t.t. kennsluhátta. Muna að frelsi fylgir ábyrgð og að í innlögnum og kynningu getur líka falist frelsi.  Nýta verkfæri Leiðsagnarnáms um uppbyggingu kennslustunda og fyrirmyndarverkefni.  Koma á vettvangs- heimsóknum kennara hver til annars og ígrundun þeirra í kjölfarið.
Námshættir og námsvitund	Að nemendur séu meðvitaðir um eigin styrkleika og árangursríkar leiðir til náms. Að efla áhuga, virkni og þrautseigju nemenda.	Haust og vor	Kannanir Skólapúlsins Skólaping	Skólapúlsinn Stjórnendur Kennarar	Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins telja foreldrar skólann veita gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda. Seigla nemenda hefur hinsvegar dalað samkvæmt könnunum.	Efla þarf áfram námsvitund nemenda og trú á eigin getu. Langtíma verkefni sem leiðsagnarnám styður vel við.
Lýðræðisleg vinnubrögð,	Að efla nemendur í því að bera sjálfir	Allt skólaárið	Kannanir Skólapúlsins Skólaping	Skólapúlsinn Stjórnendur	Samkvæmt niðurstöðum	Í Leiðsagnarnámi er lögð áhersla á ábyrrð

þátttaka og ábyrgð nemenda	ábyrgð á eigin námi og líðan.			Kennarar	<p>foreldrakönnunar Skólapúlsins telja um 30% foreldrar að bæta megi agann í skólanum.</p> <p>Síðustu ár höfum við verið að þróa nemendastýrð foreldraviðtöl þar sem nemandinn ígrundar námslega stöðu sína og kynnir svo fyrir foreldrum sínum. Í foreldrakönnuninni kom fram ánægja foreldra með þessi viðtöl en nokkrum fannst þó vanta skýrari upplýsingar um stöðu barnsins síns.</p> <p>Þrautseigja í námi hefur minnkað síðustu ár og á það sérstaklega við um drengi.</p>	<p>nemenda á eigin námi. Markvisst er unnið að aukinni virkni nemenda með fjölbreyttum hætti. Rýna þarf vel í þessa þætti og styrkja þá næsta vetur enn frekar.</p> <p>Tryggja þarf gott upplýsingaflæði til foreldra.</p> <p>Skólalæsing síðasta árs gáfu góða raun og mikilvægt að halda þeim áfram en þau reyndust góð leið fyrir nemendur að koma málefnum sínum á framfæri.</p>
Skóli án aðgreiningar	Að nemendum líði vel og fái notið sín í umhverfi sem hæfir þeim.	Allt skólaárið	Kannanir Skólapúlsins Foreldrafundir Lausnateymisfundir Nemendaverndarfundir Teymisfundir	Kennarar Stjórnendur Ráðgjafar skólalæðingastu Foreldrar Nemendur	Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins telja flestir foreldrar að námslegum þörfum nemenda sé mætt en huga þurfi að öðrum þörfum þeirra.	<p>Tryggja þarf að allir nemendur fái nám við hæfi.</p> <p>Skilgreina þarf betur forsendur fyrir stjórnúmerkingum eða öðrum frávikum frá námi og upplýsingastreymi til foreldra vegna þess.</p>

						Leggja þarf áherslur á einstaklingsnámskrár.
<b>Mannauður</b>						
Fagmennska starfsfólks	Að starfsfólk sé sér meðvitað um mikilvægi þess að viðhalda faglegum vinnubrögðum og styrki fagþekkingu sína á sem fjölbreyttastan hátt.	Allt skólaárið	Teymisfundir. Vettvangsheimsóknir. Jafningjastuðningur. Starfsþróunarsamtöl.	Kennarar. Stjórnendur.	Niðurstöður kannana	Heimsóknir og endurgjöf kennara í kennnslustundir. Leiðsagnarnám.
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.	Það er öllum mikilvægt að finna fyrir því að verk þeirra séu metin að verðleikum, á þá sé hlustað og þeim veittur sá stuðningur sem þeir þurfa. Það tryggir ánægju í starfi.	Allt árið	Starfsmannakönnun Fjarðabyggðar. Starfsþróunarsamtöl. Starfsmannafundir. Teymisfundir.	Stjórnendur Starfsfólk.	Starfsmenn eru almennt ánægðir með skólann sem vinnustað og upplifun þeirra er sú að allir séu staðráðnir í að skila vönduðu verki.  Við Grunnskóla Reyðarfjarðar starfar frábært starfmannafélag sem hefur haft það að markmiði að létta anda starfsmanna með fjölbreyttum hætti. Það er ómetanlegt.	Keyptir nýir stólar í vinnurými kennara.  Starfsmannafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar viðhaldi góðum vinnuanda.
<b>Stjórnun</b>						
Stjórnendur sem faglegir leiðtogar	Að starfsfólk finni faglegan stuðning stjórnenda í daglegu starfi.	Allt árið	Starfsmannakönnun Fjarðabyggðar Starfsþróunarsamtöl Teymisfundir	Stjórnendur Starfsfólk	Endurgjöf er mikilvæg. Kennarar í byrjendalæsi hafa fengið leiðsögn leiðtoga í byrjendalæsi	Stjórnendur þurfa að beyta hrósi markvissar og leið til þess væri að fara í leiðbeinandi

	Að skapa svigrúm og andrúmsloft til jafningjastuðnings.		Vettvangsheimsóknir Jafningjastuðningur		en útfæra þarf þess háttar leiðsögn á alla kennara.  Leiðsgnarkennari í 20% starfi hefur sinnt vettvangsheimsóknum hjá kennaranemum og nýliðum í starfi.	heimsóknir í kennslustundir. Það er öllum mikilvægt að rýna í eigin störf og spegla sig störfum annarra. Þennan þátt höfum við vanrækt og þurfum að gera bragabót á með markmvissum hætti.
Stjórnun skólans	Að stjórnunarstefna skólans sé skýr og verkaskipting stjórnenda liggja fyrir.	Að hausti og annað hvert ár. Á hverju vori	Foreldrakönnun Skólapúlsins. Stjórnendateymi	Skólapúlsinn Stjórnendur	Í niðurstöðum foreldrakönnuna Skólapúlsins telja yfir 95% foreldra að skólanum sé vel stjórnað.  Stjórnendur hafa myndað sterkt teymi sem saman hefur tekið á málum, mótað stefnu og framfylgt henni. Stjórnendur hafa skipt með sér verkum.	Endurskoða verkaskiptingu stjórnenda og hafa hana vel sýnilega.
Faglegt samstarf	Að byggja upp traust og faglegt lærdómssamfélag. Að teymisvinna verði áfram hluti af lærdómssamfélagi skólans þar sem allir læra, hver með öðrum og hver af öðrum.	Allt árið	Starfsmannakönnun Fjarðabyggðar Starfsþróunarsamtöl Teymisfundir Starfsmannafundir	Stjórnendur Árgangastjórar Teymisfundir Starfsmannafundir	Teymisvinna er orðinn hluti af lærdómssamfélagi skólans og er mikilvægt að viðhalda því góða starfi sem grundvallast á trausti, góðum samskiptum og faglegu samstarfi.	Leggja áherslu á áframhaldandi uppbyggingu teymisvinnu og styrkja það góða starf sem þegar hefur áunnist.
Skólapróun og starfsþróun	Að starfsþróunar-áætlun skólans sé	Allt árið	Starfsmannakönnun Fjarðabyggðar	Stjórnendur Árgangastjórar	Skólinn hefur unnið að innleiðingu nokkurra	Áherslur á næsta skólaári beinast að því



	virk og að þróunarverkefni séu í stöðugu umbótaferli.		Starfsþróunarsamtöl Starfsmannafundur	Teymisfundir Starfsmannafundur	verkefna sem huga þarf betur að eins og Grænfána, Heilsueflingu og Uppeldi til ábyrgar.  Innleiðing Leiðsagnarnáms gengur vel en halda þarf vel utan um það.  Unnið er í anda Byrjendalæsis á yngsta stigi undir styrkri stjórn leiðtoga.	að styrkja áfram innleiðingu Leiðsagnarnáms, rýna í kjörorð skólans og vinna samkvæmt þeim og styrkja aga.  Taka þarf ákvörðun um hvernig eigi að vinna að hinum verkefnum tveimur.  Halda þarf vel utan um Byrjendalæsi og Uppeldi til ábygðar.
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Að gera skóladag nemenda eins samfelldan og fjölbreyttan og kostur er. Að tryggja aðgengi upplýsinga.	Allt skólaárið	Kannanir skólapúlsins	Stjórnendur Ritari Kennarar	Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins kemur fram að foreldrar telja sig almennt vel upplýsta um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá. Þeir telja einnig upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar.	Mikilvægt að upplýsa nemendur vel um breytingar á stundaskrá.
<b>Skólabragur</b>						
Viðmót og menning					Í niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins eru tæp 90% foreldra ánægðir með samskipti	Viðhalda áherslum Uppeldis til ábyrgðar.  Leggja áherslu á virðingu, jákvæðan aga

					starfsmanna skólans við nemendur.	og hlýtt viðmót en um leið reglu og festu.
Velferð og líðan nemenda	Að nemendum líði vel í skólanum, finni til öryggis í félagahópnum og treysti því að starfsfólk skólans beri hag þeirra sér fyrir brjósti.	Haust og vor	Kannanir Skólapúlsins Skólaþing Bekkjjarfundir Tenglsakannanir Yfirlit yfir ástundun/mætingar Niðurstöður úr foreldraviðtölum Niðurstöður úr einstaklingsviðtölum	Nemendur Foreldrar Starfsfólk	Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins telja um 15% foreldra að barninu þeirra líði almennt illa í skólanum og á það við um nemendur á mið- og unglíngastigi.  Um fjórðungur foreldra er óánægður með möguleika nemenda á tólmstundaiðkun að loknum skóladegi.	Vinna þarf markvisst að því að skapa traust milli nemenda og kennara, sérstaklega á unglíngastigi.  Áherslur skólans þurfa að vera sýnilegar og öllum skiljanlegar.  Fara þarf reglulega í gegnum skólareglurnar og fylgja þeim eftir.
Samstarf heimila og skóla	Að foreldrar séu vel upplýstir um starf skólans, séu ánægðir og taki virkan þátt í starfi hans.  Að heimasíðan sé reglulega uppfærð og flytji nýjustu fréttir af skólastarfi.	Allt árið	Skólapúlsinn Skólaþing Foreldraviðtöl Nemendastýrð viðtöl Gestadagar	Stjórnendur Skólaþing	Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins er það mat foreldra að sjaldan sé haft samband við þá frá skólanum. Um 40% foreldra telja sig hafa lítl áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þeirra og ekki sé leitað til þeirra eftir tillögum eða hugmyndum. Hins vegar telja flestir að hlustað sé á þá sé til þeirra leitað.	Efla þarf starf foreldrafélagsins.  Skólaþingin skiluðu góðum árangri m.a. með aukinni aðkomu foreldra. Halda áfram skólaþing.  Halda áfram að senda heim föstudagspóst með helstu upplýsingum um starf skólans.

					Kennarar senda föstudagsfréttir og hefur það mælst vel fyrir.	
<b>Innra mat</b>						
Framkvæmd innra mats	Að daglegt skólastarf einkennist af stöðugri, markvissri ígrundun með það að leiðarljósi að bæta skólastarf enn frekar	Allt skólaárið	Skólapúlsinn Ísl. æskulýðsrannsóknin Lesferill Hæfnikort nemenda	Stjórnendur Kennarar	Kannanir eru lagðar fyrir og unnin úrbótaáætlun í kjölfar þeirra.	Rýna þarf mun markvissar í allar niðurstöður prófa eins og Lesferils og skrá til samanburðar ár frá ári.
Umbótastarf í kjölfar innra mats.	Að daglegt skólastarf einkennist af stöðugri umbótahugsun.	Allt skólaárið	Starfsmannafundur Teymisfundir	Allt starfsfólk	Unnar voru umbótaáætlanir í kjölfar Skólaþinganna og einnig eftir fund í 9. bekk. Þessar áætlanir voru vel kynntar og skiluðu góðum árangri.	Á mánaðarlegum starfsmannafundum þyrfti að fara fram innra mat á skólastarfi liðins mánaðar. Með því og daglegu samstarfi teyma, sé umbótahugsun samofinn partur af daglegu starfi. Þessa vinnureglu þarf að koma á, á komandi skólaári.  Halda áfram Skólaþing og vinna aðgerða-áætlanir í kjölfar þeirra.
<b>Áherslur skólans</b>						
Teymisvinna	Að teymisvinna kennara sé hluti af	Allt árið	Starfsþróunarsamtöl	Stjórnendur Árgangateymi	Teymisvinna kennara gekk vel síðasta ár.	Tryggja þarf markvisst, faglegt samstarf teyma.

	lærdómssamfélagi skólans.					
Byrjendalæsi	Að treysta áherslur Byrjendalæsis á yngsta stigi.	Allt árið	Starfsþróunarsamtöl	Stjórnendur Leiðtogi Kennarar	Skólinn hefur unnið í anda Byrjendalæsis í nokkur ár með góðum árangri.	Koma nýjum kennurum á yngsta stigi markvisst inn í starfshætti Byrjendalæsis.
Lestur	Að styrkja lestrarfærni nemenda.	Allt árið	Lesferill	Foreldrar Nemendur Kennarar	<p>Ánægja af lestri hefur dalað samkvæmt könnunum. Það á sérstaklega við um áhuga drengja.</p> <p>Vorkönnun Skólapúlsins kom þó betur út en könnunin að hausti. Af því má draga þá ályktun að umræður og átak hafi skilað árangri.</p> <p>Samkvæmt foreldrakönnun Skólapúlsins segjast foreldrar ekki oft fá upplýsingar um nám nemenda eða ábendingar um heimanám.</p>	<p>Leggja þarf markvisst heildarmat á niðurstöður Lesferils í öllum bekkjum.</p> <p>Skrá áfram heimalestur í Mentor.</p> <p>Sendu reglulega heim ítrekanir um mikilvægi heimalesturs.</p>
Leiðsagnarnám	Að leiðsagnarnám leiði til jákvæðrar námsmenningar, að viðmið um námshæfni séu nemendum ávallt skýr og nemendur fái góða yfirsýn yfir þekkingu sína og	Allt árið	Gátlistar <a href="https://leidsagnarnam.is/gatlistar-fyrir-kennara">https://leidsagnarnam.is/gatlistar-fyrir-kennara</a>	Stjórnendur. Leiðtogar Leiðsagnarnáms. Kennarar.	Síðustu ár hafa starfsmenn skólans unnið að innleiðingu leiðsagnarnáms og er almennt mikil ánægja með það. Þessi vinna er í stöðugri þróun.	<p>Halda áfram úti stýrihópi Leiðsagnarnáms.</p> <p>Gera starfsáætlun fyrir árið.</p> <p>Fylla út gátlista til að leggja mat á stöðuna.</p>

	möguleika til að bæta sig í námi.				Ferðin út í vor gaf okkur góða innspýtingu fyrir næstu skref hjá okkur.	Rýna markvisst í öll gögn og myndir í kjölfar heimsóknarinnar í vor.
Uppeldi til ábyrgðar	Að styrkja jákvæðan skólabrag í skólanum sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, vinsemd og festu.	Allt skólaárið	Starfspróunarsamtöl	Stjórnendur Árgangafundir	Unnið hefur verið eftir ákveðnu verklagi á hverju hausti þar sem lagðir hafa verið inn grunnþættir UTÁ.	Halda þarf betur utan um þessa þætti og viðhalda þeim allt skólaárið.
Olweus/Einelti	Að nemendur upplifi sig örugga í félagahópnum.	Allt skólaárið	Eineltisteymi Kannanir Skólapúlsins	Allt starfsfólk	Samkvæmt niðurstöðum foreldakönnunar Skólapúlsins hafa foreldrar áhyggjur af einelti en eru almennt ánægðir með úrvinnslu mála í skólanum og hversu hratt er unnið á slíkum málum.  Áætlun gegn ofbeldi  Áætlun um vinnu gegn einelti	Kynna vel eineltisáætlun skólans í skólabyrjun, fyrir starfsfólki, nemendum og foreldum.  Fella þarf inn í starfsáætlun árgangateyma markvissa vinnu gegn einelti á bekkjarfundum í öllum bekkjum.
Heilsueflandi skóli	Að í skólanum sé jákvæður skólabragur og heilsueflandi umhverfi.	Allt árið	Gátlistar Heilsueflandi skóla. Kannanir Skólapúlsins. Teymisfundir	Stjórnendur Árgangastjórar Kennarar	Skólinn hefur starfað markvisst eftir áætlunum landlæknis um heilsueflandi skóla en sú vinna hefur legið í dvala.	Blása þarf lífi í þetta verkefni ekki síst í ljósi þess að niðurstöður kannana benda til að að andleg og líkamleg líðan nemenda gæti verið betri.
Grænfáni	Að styrkja vitund nemenda um	Allt árið	Heimasíða Grænfánans	Stjórnendur Árgangastjórar	Skólinn hefur verið skóli á grænni grein í mörg ár	Í ljósi minnkandi áhuga nemenda á náttúrfræði

	ábyrgð þeirra á náttúruvernd.			Kennarar	og flaggað grænfánanum nokkrum sinnum. Hins vegar hefur þessi vinna legið í dvala.	en um leið mikilvægi þess að vekja þau til umhugsunar um náttúruvernd þarf að blása lífi í þetta verkefni. Margar hugmyndir eru til þess á heimasíðu verkefnisins.
--	-------------------------------	--	--	----------	--	--

## Niðurstöður skólapinga 7. – 10. bekkjar 2024

37 foreldrar, 39 barna sátu þingið. Tímarammi stóðst og vinnan gekk að óskum. Allir foreldrar fengu tölvupóst um þingið og helstu atriði sem þar komu fram. Frétt um þingið var birt á heimasíðu skólans og vefsíðu og facebooksíðu Fjarðabyggðar. Þá tók blaðamaður Austurfréttar viðtal við nemendaráð um skólapingið.

Þegar helstu niðurstöður fundarins voru teknar saman mátti flokka þær á eftirfarandi hátt:

### Nemendur þyrftu meðal annars að

- bera meiri virðingu fyrir sjálfu sér
- sýna hvert öðru meiri virðingu svo öll öðlist það öryggi að fá að vera þau sjálf
- bera virðingu fyrir foreldrum sínum og fjölskyldum
- bera virðingu fyrir náminu sínu og starfsfólki skólans

### Heimilin þyrftu meðal annars að

- bera meiri virðingu fyrir börnunum með því að sýna þeim meiri áhuga, verja meiri tíma með þeim og hlusta á þeirra raddir
- tryggja andlega og líkamlega heilsu t.d. svefn, gott mataræði og hreyfingu
- passa upp á nám barna sinna og veita þeim stuðning
- bera virðingu fyrir fjölbreytileika nemendahópsins og stuðla að jákvæðum samskiptum foreldra og nemenda
- sýna kurteisi í framkomu og samskiptum

### Skólinn og starfsfólk hans þyrfti meðal annars að

- bera meiri virðingu fyrir mismunandi námsgetu nemenda
- sýna áhugasviði nemenda meiri áhuga
- virða skoðanir allra
- tryggja nægan tíma fyrir fjölbreytta hreyfingu
- bjóða upp á fjölbreyttari mat í hádeginu
- vera í upplýstara samstarfi við heimilin
- sýna kurteisi í framkomu og samskiptum

## Samráð

Niðurstöður skólapingsins voru bornar undir nemendaráð, skólaráð og fulltrúa foreldrafélagsins. Í kjölfarið var sett upp aðgerðaráætlun.

## Aðgerðaráætlun

Aðgerðaráætlun skiptist í fjóra umbótaþætti og undir hvern umbótaþátt voru settir viðeigandi verkþættir eða aðgerðir eins og sjá má hér að neðan. Aðgerðaráætlunin var kynnt nemendum á sal 16. mars en þá var vinna þegar hafin. Það er almenn skoðun allra aðila bæði nemenda og starfsmanna að vel hafi til tekist og má sjá það á niðurstöðum Skólapúlsins að nemendur líta almennt jákvæðari augum á skólann sinn og skólastarfið nú á vordögum en þeir gerðu í haust.

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerðir	Mat á aðgerðum
Skólamat	Að fjölga þeim nemendum sem velja að borða hádegismat í skólanum og að koma til móts við þá nemendur sem hafa ekki tök á að borða morgunmat heima.	<ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur gefi matnum einkunn</li><li>Samráð við matráð varðandi leiðir til úrbóta</li><li>Hver bekkur fær að velja mat einu sinni á önn</li><li>Prófa að bjóða upp á morgunkorn</li><li>Vakta matarsóun og birta niðurstöður á skjá</li><li>Útbúa aðstöðu þannig að nemendur geti skammtað sér sjálfir</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur gáfu matnum einkunn vikulega fram að páskum, alls fjórar vikur. Aðstoðarskólastjóri tók saman niðurstöður og sendi matráði sem tók mjög vel í allt samráð og ábendingar.</li><li>Hvert stig fékk að velja mat tvisvar sinnum fram að vori og var mikil ánægja meðal nemenda með það.</li><li>Boðið var upp á morgun mat á hverjum morgni frá páskafrii og fram að vori. Unglingstig notfærði sér það sist en nemendur á miðstigi (4. – 6. bekkur) mest og voru mjög ánægð.</li><li>Í þrjár vikur voru matarafgangar viktaðir og niðurstöður settar á upplýsingaskjá. Nemendur veittu því eftirtekt og það</li></ul>



			<p>vakti þá til umhugsunar. Vert að gera það áfram.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Erfitt reynist að finna lausn á því að skapa aðstæður svo nemendur geti skammtað sér mat sjálfir.</li> </ul>
Nám og stuðningur	<p>Hver og einn nemandi fái þá hvatningu og aðstoð sem hann þarf til að nýta námshæfileika sína til fulls og að starfsfólk skólans ígrundi vel þá námsaðstoð sem skólinn er nú þegar að veita og hvernig megi nýta þá aðstoð sem best. Ennfremur að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Útbúa áhugasviðshjól og tengja námsframboð við það.</li> <li>Endurmat á stundatöflum sérkennara og stuðningsfulltrúa.</li> <li>Opnar stundartöflur</li> <li>Nýta verkfæri leiðsagnarnáms</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ekki tókst að ljúka við vinnu á áhugasviðshjóli en vonandi tekst það fyrir næsta vetur.</li> <li>Stöðugt var legið yfir stuðningspörf og sem bestri nýtingu á starfsfólki skólans.</li> <li>Opnar stundatöflur eru hugmynd í þróun.</li> <li>Þurfum að vera vakandi fyrir því að nýta alltaf vel verkfæri leiðsagnarnáms. Þar má nefna námsfélaga, hæfniviðmið, ábyrgð nemenda, námsveggi, tímastjórnun o.fl.</li> </ul>
Samskipti og virðing	<p>Að auka og tryggja gagnkvæma virðingu allra hlutaðeigandi þannig að öll upplifi að þau séu metin að verðleikum og tekið eins og þau eru.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gera marsmánuð að hrósmánuði í skólanum</li> <li>Hvetja foreldra og forráðamenn til að heimsækja skólann í mars</li> <li>Nota marsmánuð til að vinna í að draga úr ljótu orðbragði, senda orðrétt heim til foreldra þess barns sem viðhefur slíkt.</li> <li>Fræðsla um fjölbreytileika, s.s. einhverfu.</li> <li>Nota verkfæri uppeldis til ábyrgðar til að styrkja jákvæða hegðun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><u>1. mars er alþjóðlegur hrósdagur en við höfðum allan mánuðinn undir. Þetta gekk vel en þarf að halda áfram.</u></li> <li><u>Nokkrir foreldrar komu í heimsókn í skólann þó síst á unglिंगastig. Verkefni sem halda þarf áfram.</u></li> <li><u>Unnið markvisst með orðbragði, samskipti og framkomu og bar sú vinna árangur. Mikilvægt að halda því áfram.</u></li> <li><u>Námsráðgjafi var með kynningar á einkennum einhverfu og Samtökin '78 á málefnum hinsegin fólks.</u></li> <li><u>Jákvæði styrking eins og hrós styrkir jákvæða hegðun.</u></li> </ul>

Tómstundir	Að fjölga nemendum sem stunda skipulagðar tómstundir.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Samtal við nemendur um óskir og væntingar varðandi tómstundaiðkun</li><li>• Beina erindi um tímstundamál til Ungmennaráðs</li><li>• Samtal við íþróttahreyfinguna um fjölbreytt íþróttaval</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fulltrúi skólans flutti erindi nemenda á fundi Leiðtogaráðs Fjarðabyggðar þar sem það var tekið fyrir. Bíðum frekari fréttu.</li></ul>
------------	---	--	--

## Skólaþing unglíngastígs Grunnskóla Reyðarfjarðar var haldið 7. febrúar 2024

Niðurstöður rannsókna og kannana sem lagðar hafa verið fyrir nemendur undanfarin misseri sýna að líðan nemenda hefur farið versnandi. Nemendur upplifa að þeim gangi illa að læra, þeim líður ekki alltaf vel í bekknum sínum eða meðal jafnaldra og hafa almennt minni trú á sér.

Niðurstöður kannanna kölluðu á víðtækt samráð í lausnaleyti til að bregðast við versnandi líðan nemenda. Því var haldið skólaþing þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk komu saman til að ræða vandann og leita lausna. Í aðdraganda skólaþings sat hópur starfsfólks skólans námskeið um valdeflandi fundarform sem kallast "heimskaffi". Aðferðin var svo nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólaþingsins.

Í undirbúningi skólaþings var haft samráð við hagsmunaaðila um hvaða atriði skyldi taka til umræðu á þinginu. Nemendaráð fór yfir helstu niðurstöður kannana og valdi þá þætti sem þeim þótti mikilvægast að vinna með. Þeirra niðurstaða var síðan borin undir skólaráð og fulltrúa stjórnar foreldrafélagsins. Áhersluatriðin voru formuð í spurninguna

Hvað getum við, nemendur, heimili og skóli, gert til að bæta sjálfsmynd nemenda þannig að þeim líði sem best og blómstri í leik og starfi?

### Dagskrá skólaþings

Ávarp aðstoðarskólastjóra

Kynning á heimskaffiaðferðinni á sal.

Kveikja – myndband 10. bekkjar

Heimskaffi á unglíngagangi

Kaffi og meðlæti (starfsmenn raða upp niðurstöðum í sal)

Niðurstöður kynntar og þingi slitið á sal.

### Heimskaffi

Fjögur sátu á hverju borði þar af að minnsta kosti einn fullorðinn. Annars frjálst sætaval.

Þrjár umræðulotur þar sem þátttakendur leituðu svara við spurningunni og punktuðu niður helstu atriði.

Lota 1: Umræður í 15 mínútur.

Lota 2: Tveir af hverju borði færðu sig yfir á annað borð. Umræður í 10 mínútur.

Lota 3: Öll fóru aftur á sitt heimaborð og héldu áfram hugmyndavinnu. Í lok lotunnar valdi hver hópur eitt atriði sem þátttakendur töldu mikilvægast að vinna að og skráði á A5 miða.

### Aðföng og undirbúningur

Allar stofur á unglíngagangi

A.m.k. einn starfsmaður í hverri stofu

Tímavaki í skjávarpa

Borðum raðað upp, 4 stólar við hvert borð

A3 karton á hverju borði með álímdri spurningu

Nokkrir tússpennar í mismunandi litum á hverju borði

A5 miðar fyrir niðurstöður borðanna

Veitingar í kaffihléi

### Niðurstöður skólaþingsins skiptust í fjögur meginþemu:

Skólamatúr

Samskipti og virðing

Nám og stuðningur

Tómstundir

Niðurstöður voru bornar undir nemendaráð og skólaráð og aðgerðaráætlun sett í gang í kjölfarið.

### \*\*\*\*Árangur\*\*\*\*

Marktækur munur kom fram á milli kannana Skólaþingsins þannig að líðan unglíngastígs Grunnskóla Reyðarfjarðar fór batnandi á milli kannanna. Unglíngarnir upplifðu að hlustað væri á raddir þeirra og reynt að koma til móts við þeirra sjónarmið.

## Skólaping 4. - 6. bekkjar

Stubbaping/Skólaping

Júní 2024

Í framhaldi af velheppnuðu skólapingi unglíngastígs var ákveðið að halda samskonar þing fyrir nemendur í 4. - 6. bekk. Þingstórf voru æfð í hverjum bekk fyrir sig með því að halda svokölluð Stubbaping sem eru haldin með sama hætti og skólapingin nema í hverjum bekk þar sem ferlið er vel æft. Lögð er áhersla á að æfa það að allir láti raddir sínar heyrast og taki þátt í þingstórfunum. Eins er það æft hverjir sitja eftir og hverjir halda áfram.

### Við eigum alltaf að koma vel fram við hvert annað

<b>Skipulag skólastarfs</b>	Nemendur óska eftir því að fleiri dögum verði varið í fjölbreytt og skemmtileg verkefni og aukið samstarf milli bekkja. Ákveðið að verja dögum á vorönn í vettvangsferðir, ratleiki og verkefni þvert á bekk.
<b>Samskipti</b>	Nemendum finnst mikilvægt að allir komi vel fram við aðra, að enginn verði skilinn útundan eða líði illa. Þeir vilja vinna með orðbragð og virðingu. Ákveðið að standa fyrir hrósvinaleik á vorönn.
<b>Matur</b>	Nemendur ánægðir með matinn og sérstaklega morgunmatinn sem miðstigið hefur nýtt sér vel. Tala þó um að vanti hafrámjólki með morgunmatnum.
<b>Aðbúnaður</b>	Nemendur óska eftir fjölbreyttari afþreyingu á skólalóðinni. Ákveðið að óska eftir liðsinni foreldrafélagsins við að safna fyrir t.d. aparólu. Nemendur óska eftir kynjaskiptum snyrtingum.
<b>Heimilin</b>	Nemendur nefna hæfilegan skjátíma til að tryggja nægan svefn. Nemendur vilja meiri samveru með foreldrum og að þeir komi oftari í heimsókn í skólann. Nemendur vilja meiri aðstoð heima við heimanám. Nemendur vilja hafa bekkjarkvöld.

Niðurstöður Skólapúlsins, bæði nemenda- og foreldrakönnun, er að finna á heimasíðu Grunnskóla Reyðarfjarðar, [www.grunnrey.is](http://www.grunnrey.is)

## Lokaorð

Í 36. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að hver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2013 segir: „Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.“ (28)

Samkvæmt Skólanámskrá Grunnskóla Reyðarfjarðar er „Tilgangurinn með innra mati skóla að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og er formlegt og opinbert sjálfsmat gott tæki skólans til að gera innra starf markvissara í þágu nemenda, starfsmanna og foreldra.“ (8)

Tilgangurinn með innra mati skóla er því að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og gerir það skólanum kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati á því hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Reyðarfirði júní 2024

Guðlaug Árnadóttir

Aðstoðarskólastjóri